

Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2017

1. Viðauki vegna kostnaðaráhrifa kjarasamninga vegna skólahljósveita

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs (SFS) hækki um 22.371 þkr. vegna kostnaðaráhrifa kjarasamninga Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Félags íslenskra hljómlistarmanna. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09126, Launa- og starfsmannakostnaður og færist á viðeigandi kostnaðarstaði hjá sviðinu.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)	
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-22.371
SFS	M300x	Skólahljósveitir	Til	22.371
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Þann 10. febrúar sl. var samþykkt miðlunartillaga ríkissáttasemjara vegna kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félaga kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Kostnaðarauki vegna samningsins nemur 18.008 þkr. árið 2017 vegna starfsmanna í skólahljósveitum Reykjavíkurborgar. Með samþykkt tillögunnar varð til mismunur í launasetningu kennara sem eru félagsmenn í Félagi íslenskra hljómlistarmanna sem gegna sömu störfum og eru félagsmenn í Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Til samræmis við stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um að jafnræði ríki í launasetningu sömu starfa óháð kynferði, búsetu eða stéttarfélagsaðild, var launamunurinn leiðréttur með sérstakri samþykkt þann 8. mars 2017 og nemur kostnaðarauki vegna þessa 4.363 þkr. Samtals nemur kostnaðarauki því 22.371 þkr.

2. Viðauki vegna kostnaðaráhrifa kjarasamninga vegna stjórnenda í leikskólum

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs (SFS) hækki um 27.697 þkr. og

fjárheimildir velferðarsviðs (VEL) hækki um 110 þkr, eða samtals hækkun um 27.807 þkr. vegna afleiddra kostnaðaráhrifa kjarasamnings við Félag grunnskólakennara á Félags stjórnenda í leikskólum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09126, Launa- og starfsmannakostnaður og færist á viðeigandi kostnaðarstaði hjá sviðunum.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-27.807
SFS	xxxx	Leikskólar vegna stjórnenda	Til	27.697
VEL	xxxx	Leikskólar vegna stjórnenda	Til	110
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Við er í fundargerð fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla sem haldinn var föstudaginn 17. mars 2017 um breytingar á kjörum viðkomandi stéttarfélags.

3. Viðauki vegna kjarabreytinga hjá borgarfulltrúum

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaðar um 41.464 þkr vegna ákvörðunar forsætisnefndar þann 28. apríl 2017 um breytingar á starfskjörum kjörinna fulltrúa vegna setu í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sjá nánar "Samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg". Breytingin verður fjármögnuð af liðnum launa- og starfsmannakostnaður, kostnaðarstað 09126, og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2017.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-41.464
RHS	01001	Borgarstjórn	Til	24.363
RHS	01155	Innkauparáð	Til	623
RHS	01270	Mannréttindaráð	Til	1.322
RHS	01295	Stjórnkerfis- og lýðræðisráð	Til	1.358
RHS	01030	Aðrar nefndir	Til	376
RHS	01271	Mannréttindaskrifstofa	Til	286
ÖNN	09212	Endurskoðunarnefnd	Til	836
ITR	I1990	Íþrótt- og tómstundaráð	Til	1.319
MOF	03100	Menningar- og ferðamálaráð	Til	1.361
SFS	M1001	Skóla og fristundaráð	Til	2.094
USKRK	U1000	Umhverfis- og skipulagsráð	Til	1.380
USKRK	U1050	Heilbrigðisnefnd	Til	850
VEL	F1010	Velferðaráð	Til	926
VEL	F1020	Barnaverndarnefnd	Til	829
VEL	R6010	Hverfisráð Árbæjar	Til	365
VEL	R6012	Hverfisráð Grafarholts	Til	366
VEL	R3010	Hverfisráð Breiðholts	Til	367
VEL	R5010	Hverfisráð Grafarvogs	Til	363
VEL	R5012	Hverfisráð Kjalarness	Til	311
VEL	R2010	Hverfisráð Laugardals	Til	362
VEL	R2012	Hverfisráð Háaleitis	Til	312
VEL	R1010	Hverfisráð Miðborgar	Til	362
VEL	R1012	Hverfisráð Hliða	Til	365
VEL	R4010	Hverfisráð Vesturbæjar	Til	366
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Á fundi borgarstjórnar þann 4. apríl sl. var samþykkt að gerðar verði breytingar á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg þannig að heildarlaunakostnaður borgarfulltrúa og þóknanir annarra kjörinna fulltrúa taki framvegis breytingum til samræmis við launavísitölu. Grunnlaunin skulu miða við þróun launavísitölu frá síðasta úrskurði kjararáðs fyrir upphaf tímabilsins sem rammisamkomulag aðila vinnumarkaðarins miðar við, þ.e. marsmánuð 2013, og uppfærast í janúar og júlí ár hvert. Breytingin skal miðast við 1. nóvember 2016. Á fundi forsætisnefndar sem haldinn var þann 28. apríl 2017, var lögð fram og samþykkt tillaga að breytingum á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa til samræmis við ofangreint. Tillagan gerir ráð fyrir kostnaði vegna þessa tímabilið 1. nóvember 2016 - 31. desember 2017.

Dagur B. Eggertsson

